

**Ed.**

**564. Nefndarátt**

um tillögu til þingsályktunar um konungsúrskurð um fullkominn siglingafána fyrir Ísland.

Frá fánanefnd.

Nefnd sú, sem háttv. Ed. setti til þess að ihuga fánamálið, hefir athugað, hverjar leiðir heppilegast væri að fara til þess að fá sem allra fyrst framgengt þeirri þjóðarnauðsyn, að vjer fáum vörn eiginn fullkominn farfána, er íslensk skip geti haft við hún, hvar sem þau sigla, með fullri viðurkenningu allra ríkja.

Nefndin er samþykk því áliti nefndarinnar í Nd., að þingviljinn sje jafngildur, hvort sem hann kemur fram í þingsályktunartillögu- eða frumvarpsformi. Henni er það og kunnugt, að stjórnin mun leggja alla alúð við þetta mál og gera sitt ítrasta til, að það nái sem allra fyrst fram að ganga, hvor leiðin sem farin verður.

Þar sem þingsályktunartillagan á þingskjali 350 hefir þegar verið samþykkt með öllum atkvæðum hv. Nd., nema ráðherranna, sem af eðlilegum ástæðum greiddu eigi atkvæði um hana, hefir það orðið einróma niðurstaða Ed. nefndarinnar að leggja það til, að eigi verði breytt um leið í málinu og að þingsályktunartillagan verði samþykkt óbreytt. Væntir hún þess, að háttv. Ed. sýni sömu einingu í þessu máli og háttv. Nd. hefir þegar sýnt.

Alþingi, 21. ágúst 1917.

Eggert Pálsson,  
form.

Jóh. Jóhannesson,  
skrifari og framsögumaður.

Guðm. Ólafsson. Guðjón Guðlaugsson. Karl Einarsson.